

Skýrsla Öryggisráðs 2022.

Í Öryggisráði AKÍS við ritum þessarar skýrslu sitja:

Ari Halldór Hjaltason (Formaður)

Elsa K. Sigurðardóttir

Atli Jóhann Einarsson

Öryggisráð hefur haldið 3 fundi árið 2022, fundargerðir eru aðgengilegar á [Akís - Öryggi](#).

1. Einu erindi var snúið til öryggisráðs og er það enn til umfjöllunar er varðar Rafmagnsökutæki,

Nokkuð var um slys á árinu en engu vísað til öryggisráðs.

2. Námskeið fyrir öryggisfulltrúa var haldið 22.apríl og var seta á slíku skilyrði fyrir að starfa á keppnum sumarsins, Námskeiðin voru vel sótt og gekk vel að halda þau.

Námskeiðin fóru fram á netinu og ennþá er stefnt á að halda þau árlega.

3. Öryggisráð er nú að taka þátt í IDR verkefni FIA, sem felur í sér að setja rafnema í ökutæki, sem skrá niður högg og veltur, hvað ökukappar eru að upplifa við höggin. Nemarnir duga í 2 ár og sjáum við framá að þurfa að læra Meira á þetta og öðlast meiri þekkingu.

4. Öryggisráð hefur verið að taka sama punkta varðandi Rafmagnsbíla, og teljum við að nauðsynlegt sé að ekki verði veitt leyfi fyrir keppnisakstri þeirra ökutækja sem ganga fyrir rafmagni eða “tvinn” aflgjafa, þar sem að mati öryggisráðs sé ekki aðbúnaður, reynsla eða þekking til staðar til þess að öryggis sé gætt þegar þessi ökutæki séu að keyra/keppa. Þar af leiðandi ætti notkun þessara tækja til keppnisaksturs að vera bönnuð þar til viðeigandi reynsla/kennsla hefur átt sér stað og viðurkenndur viðbúnaður og tæki séu til staðar á þeim brautum þar sem þessum ökutækjum verði leyft að keyra.

Öryggisráð er að klára að gera tillögur varðandi öryggi tengt rafmagnsbíla/hybrid og mun senda þær tillögur innan tíðar á stjórn AKÍS

5. Öryggisráð langar að fara fram á að stjórn AKÍS setji fram skýrar verklagsreglur varðandi brautar úttekt. Einnig viljum við að sett verði í reglur að nýjar brautir skuli vera klárar innan ákveðins tímaramma fyrir keppni eins og FIA reglur benda til og einnig séu ekki gefin út brautarleyfi fyrr en brautin er tilbúin og búin að fá úttekt.

6. Skýrslur öryggisfulltrúa það er mjög mikilvægt að fulltrúar hverra keppni skuli skila inn skýrslu eftir keppni. Sérstaklega ef alvarleg slys verða eins og varð á torfæruni á Hellu þar sem einn slasaðist illa og hann lítillaga og engin skýrsla kom frá þeim öryggisfulltrúa sem var á þeirri keppni. Mjög mikilvægt er að geta lesið yfir skýrslur til þess að hægt sé að vinna að úrbótum eða öðrum lausnum þegar það á við án þess erum við alltaf föst í sama fasa og ekkert bættist eða breyttist.